

## Grænfáni og heilsueflandi skóli veturinn 2021 – 2022

### *Fulltrúar kennara í nefndinni:*

Arnheiður Rán Almarsdóttir

Auður Jónsdóttir

Jóhanna Jóhannesdóttir

### *Fulltrúi annars starfsfólks:*

Bernadetta Kozaczek

Hulda María Þorláksdóttir

### *Fulltrúar foreldra:*

Soffía Kristín Björnsdóttir

Valerija Kiskurno

### *Fulltrúar nemenda:*

Júlía Brá Stefánsdóttir

Sara Margrét Sigurðardóttir

Þórarinn Böðvarsson

Amelía Ásdís Kozaczek

Heimir Knaran Sigurbjörnsson

Eldey Gerda Garðarsdóttir

Heiðrún Arnarsdóttir

Einu sinni í viku var tími á stundaskránni merktur grænfána og heilsueflandi skóla, sem við notuðum til að skipuleggja vetrarstarfið.

Í upphafi skólaárs var ákveðið að vinna með þemun lýðheilsa og neysla og úrgangur.

Í september tókum við þátt í Ólympíuhlaupinu.

Fyrsta verkefni vetrarins var vigtun á matarafgöngum í morgunmat og hádegismat í fjóra daga. Afgangar hvers námshóps voru vigtaðir í lok dags og kom vigtunin vel út. Í framhaldi af þessari vigtun unnum við verkefni með öllum nemendum skólans þar sem þeim var skipt í hópa og hver hópur átti að reikna hvað hver námshópur henti miklum mat þessa 4 daga, hvað það er mikið af banönum, eplum, appelsínunum og perum. Og reikna svo hvað þau henda yfir skólaárið og skoða í geymslunni/búrinu hvað það gæti verið.

Miðvikudaginn 2. febrúar vorum við með íþróttapartý í 80 mín fyrir alla nemendur skólans sem fulltrúar nemenda í þessari nefnd skipulögðu. Þetta var gert til að byrja Lífshlaupið sem við tókum þátt í að venju og enduðum við í 2. sæti þetta árið.

Í mars gerðum við verkefni með öllum nemendum skólans þar sem þeir var skipt í 6 hópa og hver hópur fékk fullt af alls konar rusli sem þau áttu að flokka. Hver hópur flokkar ruslið í eins marga flokka og þau telja að sé rétt og merkja flokkana. Þetta verkefni gekk vel og voru nemendur nokkuð vel með það á hreinu hvernig flokka eigi rusl.

Jafnframt vorum við aftur með vigtun á matarafgöngum í mars. Vigtunin kom vel út en Sáum strax aukningu í vikunni á eftir þegar ekki var vigtað.

Alþjóðlegi heilbrigðisdagurinn er 7. apríl og í ár var hann tileinkaður hreinni jörð. Í tilefni þess ætluðum við að hafa ruslahreinsun í næsta nágrenni skólans en þar sem það var enn sjór yfir öllu var farið í leiki í salnum í staðinn.

Í maí vorum við svo með smá útvistardag eftir hádegi einn skóladaginn fyrir nemendur skólans og elstu nemendur leikskólans. Nemendum var skipt í hópa sem áttu svo að leysa ýmsar þrautir á skólalóðinni. Að því loknu fengu allir safu og bakkelsi sem Borna var búin að baka.

Í lok maí tókum við svo þátt í Unicef hreyfingunni þar sem nemendur söfnuðu áheitum, gerðu svo alls konar þrautir og fengu pening fyrir. Peningurinn fór beint í starf Unicef.

Í vetur smíðuðu nemendur þrjá gróðurkassa sem voru svo settir fyrir utan skólann. Í þá voru laufblöð og greinarusl sett, ásamt hestaskít, matarafgöngum (ávöxtum og grænmeti), kurli og loks mold. Þar á að rækta grænmeti og einhverja ávexti fyrir mótuneyti skólans. Einnig áskotnaðist skólanum gróðurhús, svokallað Bambahús, sem á að nýta í það sama.

Moltugerð var haldið áfram og megnið af matarafgöngum fóru heim með kennara í hæsnamat.

Í vetur settum við reglulega fréttir úr starfinu í fréttabréf skólans.

Arnheiður Rán Almarsdóttir

Auður Jónsdóttir

Bernadetta Kozaczek

Hulda María Þorláksdóttir

Jóhanna Jóhannesdóttir